

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað,
nr. 474 4. desember 1984.

1. gr.

Við 33. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Bæjarstjórn er heimilt að fenginni umsögn lögreglustjóra að veita undanþágu til heimsendingar veitinga, utan framangreinds tíma, enda raski það ekki allsherjarreglu.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. október 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands –
Háskólabókasafns.

1. gr.

Í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eru þessar deildir:

Þjóðdeild, handritadeild, aðfangadeild, skráningardeild, útlánadeild og upplýsingadeild.

2. gr.

Safnráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er samráðsvettvangur yfirmanna bókasafnsins og forstöðumanna deilda.

Í safnráði eiga sæti: Landsbókavörður, sem er formaður ráðsins, aðstoðarlandsbókavörður, forstöðumenn deilda, sbr. 1. gr., og allt að þrír aðrir forstöðumenn einstakra starfsþátta samkvæmt ákvörðun stjórnar safnsins að fengnum tillögum landsbókavardar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. október 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.